

NÁMSGREIN **MYNDMENNT / SJÓNLISTIR**

KENNSLUFIRLIT NÁMSÁRIÐ 2022- 2023

Bekkur: 9. bekkur

Kennari: Greta S. Guðmundsdóttir

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna ljósmyndaverkefni, heimavinna og samtal.

Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir, pappír, efni og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist effirfarandi lykilhæfni.*

- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
-

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
<p>Kennt er í fjórskiptum lotum:</p> <p>Hópur 1: 23. 08 – 26.10</p> <p>Hópur 2: 27.10 – 11. 01</p> <p>Hópur 3: 12.01 – 22.03</p> <p>Hópur 4: 23.03 – 05.06</p>	<p>Hugmyndabók</p> <p>Hraðteikning</p> <p>Hönnun fugl</p>	<p>Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim.</p> <p>Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna verkefni og hugmyndir í hana</p> <p>Fái leikni í teikningu</p> <p>Verkefnið er tímastíllt á mismunandi hluti og í andlitsmynd þar sem nemendur teikna hvort annað</p> <p>Geti búið til þrívítt verk út frá eigin hugmynd að lokaverki. Fræðist um möguleika á endurvinnanlegu efni.</p> <p>Leiðir: Hugmyndavinna. Búi til fugl úr endurvinnanlegu efni. Skreyti á persónulegan hátt. Geti sagt frá og gert grein fyrir hugmynd sinni.</p>	<p>Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla</p> <p>Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni</p> <p>Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið</p> <p>Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal</p> <p>Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðum á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta</p> <p>Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og færð rök fyrir þeim út frá eigin gildismati</p> <p>Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það</p>	<p>Leiðsagnamat og hæfniviðmið.</p> <p>Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið</p>

	<p>Listasaga</p>	<p>Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar.</p> <p>Kynnist og þekki ýmis listaverk og ýmsa listamenn.</p> <p>Skilað inn á Google Classroom</p>	<p><i>við þá menningu sem þeir eru sprotnir úr</i></p> <p><i>Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat</i></p> <p><i>Greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina</i></p>	
	<p>Orðaforði</p>	<p>Læri ný orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með</p> <p>Skrá skoðanir og tilfinningar í eigin sköpun</p> <p>Skilað inn á Google Classroom</p>		